



Tilkynning_Innköllun á ákveðinni lotu á döðlum frá Sólgæti 500g.

Heilsa ehf innkallar hér með ákveðna framleiðslulotu á náttúrulegum döðlum frá Sólgæti. Um er að ræða lotunúmer 7227 með dagsetningu 15.08.2019.

Ástæða innköllunar er sú að í einstaka tilfalli hafði kviknað líf í viðkomandi lotu.

Vöruheiti: Sólgæti döðlur 500g

Innhaldslýsing: Döðlur, sólblómaolía

Strikamerki: 5024425287810

Lotunúmer: **7227**, Lotunúmerið er prentað neðst á miðann aftan á pokunum.

Dagsetning: 15.08 2019

Ofangreind vara hefur verið seld í verslunum Nettó, Kjörbúðinni Blönduósi, í Heilsuhúsinu, í Fjarðarkaup, Melabúðinni, Verslun Einars Ólafssonar og í Pétursbúð

Við bendum viðskiptavinum á að þeir geta skilað vöru sem er með þessu lotunúmeri í næstu verslun sem nefnd eru hér fyrir ofan. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum vinsamlegast hafið samband við Heilsu ehf í síma 517-0670.

